

Íris Stefánsdóttir  
Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Akureyri, 19. ágúst 2021  
MÍ202107-0046/ 6.09 / S.G.

## Umsögn Minjastofnunar um deiliskipulag fyrir hafnar- og athafnasvæði á Ólafsfirði

Með tölvupósti sendum 9. júlí 2021 óskaði skipulags- og tæknifulltrúi Fjallabyggðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir hafnar- og athafnasvæði á Ólafsfirði. Skipulagstillagan og greinargerð er dagsett 25.6.2021. Skipulagssvæðið tekur til Ólafsfjarðarhafnar og athafnasvæðum henni tengdri. Svæðið er um 11 ha að stærð og afmarkast af gámasvæði við Vesturstíg til vesturs, bryggjukanti og varnargörðum til norðurs, Námuvegi til austurs, Múlavegi, Strandgötu og Ægisgötu til suðurs.

Í umsögn Minjastofnunar um skipulagslýsinguna dagsett 30 apríl sl. (MÍ202104-0078/6.09/S.G.) fór Minjastofnun frammá endurskoðun fornleifaskráningar fyrir svæðið til samræmis við gildandi staðla. Það hefur nú verið gert og má sjá fornleifaskráninguna sem viðauka við greinargerð skipulagsins (Hákon Jensson *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á athafna- og hafnarsvæðis Ólafsfjarðar*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2021/4). Einnig var farið frammá að byggingar á svæðinu yrðu listaðar upp og má sjá þann lista í greinargerðinni en á svæðinu eru engin hús sem falla undir lög um menningarminjar.

Alls voru skráðar heimildir um 33 fornleifar á svæðinu en engar þeirra eru sýnilegar á yfirborðinu. Í ljósi þess að svæðið hefur verið athafnasvæði lengi og ólíklegt að minjar séu ennþá undir sverði telst skráningin fullnægjandi mótvægisáðgerð og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun